

Fjarskipti

Fjarskipti á ferðalögum

VHF talstöðvar henta vel, eru auðveldar í notkun og ferðaklúbburinn er með eigin rásir á VHF tíðnisviðinu. Klúbburinn rekur net VHF endurvarpa og stendur sú uppbygging enn yfir. Drægni frá talstöð til talstöðvar er tugir kílómetra og með endurvörpum er hægt að tala þvert yfir landið. VHF stöðvar eru fyrirferðalítlar og geta verið hvort sem er fastar í bíl eða sem handstöðvar. Drægni VHF bílstöðva er þó mun meiri en handstöðva þar sem sendistyrkur þeirra er meiri og einnig eru bílloftnet mun næmari en loftnet handstöðva.

UHF handstöðvar eru litlar og léttar, kosta ekki mikið og eru ágætar til samskipta milli bíla og ef t.d. er farið gangandi út frá skála eða bíl. Drægni þeirra er 3 til 6 kílómetrar við bestu aðstæður. Stöðvarnar eru ekki leyfisskildar.

NMT farsímakerfið dregur um stærstan hluta landsins og er einkar auðvelt í notkun. Auk þess eru símtækin meðfærileg og hafa verið á viðráðanlegu verði. Þessu kerfi verður bráðlega lokað.

CB stöðvar voru mikið notaðar, en nánast eingöngu til samskipta á milli bíla því drægni þeirra er ekki nema fáeinir kílómetrar. Ekki þarf leyfi til að nota eða eiga slíka stöð.

GPS leiðsögutækni

GPS staðsetningarkerfið byggir á neti 24 gerfitungla sem eru á sporbaug um jörðu. Móttökutæki nema merki frá þeim og reiknar með tímamælingum staðsetningu á jörðu niðri. Staðsetningin birtist svo annaðhvort sem lengd og breydd eða sem staðsetning á korti. Nákvæmni er um 20 metrar þó reynslan sýni að hún geti verið mun meiri. GPS tæki geta verið hand- eða bíltæki og flest hafa í dag innbyggðan kortagrunn, minnisrými fyrir mikið magn ferla og punkta og mörg eru tengjanleg við tölvu og hægt að færa upplýsingar í báðar áttir. Algengt er að hafa kortagrunn í tölvu og tengja við hana lítil ferða GPS tæki til að nýta þann stóra skjá sem tölvan hefur, en erfitt getur verið að keyra eftir litlum skjá á hand GPS tæki. Þó tækin séu fullkomin og nákvæmin mikil, ber þó að sýna varúð við notkun þeirra. Sérstaklega þarf að fara varlega ef verið er að ferðast um svæði sem ferðamaður þekkir ekki vel og í slæmu skyggni. Ekki er mögulegt að sjá allar misfellur í landslaginu og því sú hætta fyrir hendi að aka fram af hengju eða brún, ofan í á eða í sprungu. Dæmi eru um að ferðamenn hafi í blindni treyst tækjunum og lent í ógöngum, t.d. með því að lenda í jökusprungum.

Fjarskiptareglur Ferðaklúbbsins 4x4

- 1. gr** Fjarskiptakerfi Ferðaklúbbsins 4x4 má hver sá nota sem er gildur félagsmaður í Ferðaklúbbum 4x4. Veitir þetta afnotarétt og rétt til að láta forrita tíðnir klúbbsins inn í talstöðvar sem eru í eigu og notkun félagsmannsins.
- 2. gr** Þeir sem nota fjarskiptakerfi Ferðaklúbbsins 4x4 skulu auðkenna sig með félagsnúmeri í upphafi samskipta og þegar þess er óskað.
- 3. gr** Félagsmönnum er skylt að ganga eftir félagsnúmerum óþekktra aðila sem nota fjarskiptakerfi Ferðaklúbbsins 4x4 til að tryggja að eingöngu gildir og greiðandi félagsmenn noti kerfið.
- 4. gr** Notkun fjarskiptakerfis Ferðaklúbbsins 4x4 í atvinnuskyni er óheimil, þó geta aðilar fengið tímabundið leyfi til slíkrar notkunar háð samþykki stjórnar svo framarlega sem slík notkun trufla ekki notkun félagsmanna.
- 5. gr** Viðbragðsaðilum, svo sem björgunarsveitum, er heimilt að vakta og nota fjarskiptakerfi Ferðaklúbbsins 4x4 í þeim tilgangi að auka öryggi félagsmanna. Notkunarreglur þessar takmarka ekki notkun á kerfinu í neyðartilfellum.
- 6. gr** Til fjarskiptakerfis Ferðaklúbbsins 4x4 teljast leyfi til notkunar á þeim tíðnum, rásum eða hópum sem klúbburinn hefur fengið úthlutað í sínu nafni og sá fjarskiptabúnaður sem er í eigu hans, þar með taldir endurvarpar.



- 7. gr** Rekstur fjarskiptakerfis Ferðaklúbbsins 4x4 er í höndum fjarskiptanefndar klúbbsins, sem kosin er á aðalfundi.
- 8. gr** Stjórn Ferðaklúbbsins 4x4 er heimilt að gera afnotasamninga við þriðja aðila svo fremi sem slík notkun brjóti ekki í bága við önnur ákvæði í reglum þessum.
- 9. gr** Notendur og aðrir sem koma að fjarskiptakerfi Ferðaklúbbsins 4x4 skulu gæta þess að halda eðlilegan trúnað varðandi þau samskipti sem þeir kunna að heyra á kerfinu. Notendur skulu þó hafa í huga að samskipti eru opin öllum þeim sem hlusta hverju sinni.
- 10. gr.** Verði félagsmenn varir við brot á þessum reglum skulu þeir safna þeim upplýsingum sem þeir geta (t.d. bílnúmer, staður, tími, merkingar á bíl) og hafa samband við fjarskiptanefnd Ferðaklúbbsins 4x4 (fjarskiptanefnd@f4x4.is) eða skrifstofu klúbbsins.